

Umhverfisstofnun

Sendis til ust@ust.is merkt UST202009-285.

19. maí 2021

Efni:

Breytingar á rekstrarleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði - heimild til að nota eldisnætur sem litaðar eru með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð

Umhverfisstofnun hefur auglýst tillögu að breytingu á starfsleyfi Arnarlax ehf. í Patreks- og Tálknafirði.

Samkvæmt auglýsingu er um að ræða breytingu á grein 3.4 sem snýr að heimild til notkunar á eldisótum með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð¹. Breytingin tekur mið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu sem birt var þann 14. janúar 2021.

Á heimasíðu Matís er að finna eftirfarandi texta:

”Notkun á koparoxíði í meðhöndlunarmálningu á kvíapokum sætir mikilli gagnrýni og hefur víða verið bönnuð vegna neikvæðra áhrifa á umhverfið. Innan Evrópusambandsins hefur **notkunin verið sett á gráan lista vegna þessara neikvæðu áhrifa efnisins á umhverfið**, en hins vegar hefur verið erfitt að banna það þar sem engin efni hafa fundist sem hrinda ásætum jafn vel frá kvíapokunum eins og koparoxíðið.”

Þá er rétt að hafa í huga varnaðarorð Hafrannsóknarstofnunar vegna mælinga Akvaplan Niva á styrk kopars í Patreksfirði og Tálknafirði: „Mælingar á kopar voru gerðar á fimm stöðvum á áhrifasvæði eldisins og á þremur viðmiðunarstöðvum. Einungis tvær stöðvar (áhrifasvæða) voru 25 m frá kvíum en aðrar 100-500 m frá þeim. Þá hafi umræddar koparlitaðar eldisnætur aðeins verið í sjó í rúmt ár þegar mælingar fóru fram. Þrátt fyrir að mælingar Akvaplan Niva á styrk kopars í botnseti hafi verið innanmarka þurfi að meta langtímaáhrif af notkun slíkra ásætuvarna. Þá þurfi að gera grein fyrir hversu stór hluti kopars sem berist til umhverfissins sé á uppleystu formi í vatnssúlunni. Með hliðsjón af umfangi framkvæmdar þar sem fyrirhuguð breyting tekur til eldis þar sem hámarkslífmassi er yfir 10.000 tonn telur Hafrannsóknastofnun að **umbeðin breyting á framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.**“

Það verður því athygli og áhyggjur stjórnar Landverndar að Umhverfisstofnun hyggst heimila notkun efnis sem er á gráum lista í ESB og sem Hafrannsóknastofnun varar við. Svo virðist sem stofnun hyggist opna fyrir notkun á afar umdeildu efni með frekar frjálsglegum hætti. Það má ekki gerast!

Gróðurhrindin málning inniheldur sæfiefni ætluð til að draga úr ásætum á botni skipa og eldinsnótum. Áhrifin stafa af því að hið virka efni lekur eða leysist út í umhverfið og hindra þannig gróðurmyndun. Þar sem efnið berst út í umhverfið ná áhrifin út fyrir og á stundum langt út fyrir þann stað sem ásætuvörnin beinist að. Það er óumdeilt að slík málning getur haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki er rétt að farið, sjá td Lagerström, Ytreberg, Wiklund og Granhag(2020) og Miller, Adeleye, Page, Kui, Leenihan og

¹ Samkvæmt hugtakasafni utanríkisráðuneytisins er ”antifouling paint” kölluð gróðurhrindin málning.

Keller (2020). Innan Evrópusambandsins fellur notkun á gróðurhrindinn málningu undir reglugerðina Biocidal Products Regulation (BPR). Þar kemur fram að styrkurinn eigi að vera lágmarkstyrkur til að ná tilætluðum árangri. Fram kemur í grein Lagerström, Ytreberg, Wiklund og Granhag (2020) að málning sem losar lítið magn af kopar út í umhverfið sé eins virk og málning sem losar 4 til 6 sinnum meira. Þannig að val á málningu skiptir máli.

Stjórn Landverndar **telur rétt á grundvelli varfærnisjónarmiða að Umhverfisstofnun veiti ekki framangreinda heimild og notkun efnisins verði stöðvuð**. Verði ekki farið að þeim tilmælum leggur stjórnin til að auglýstum ákvæðum verði breytt. Mikilvægt er að eftirlitsaðili sé upplýstur um hvenær slíkar ásætuvarnir eru settar á og hvaða tegund er notuð. Í ljósi þessa telur stjórn Landvernd rétt að **skilyrða leyfið enn frekar en gert er í starfsleyfisdrögunum og tengja skilyrðið við 16.gr gildandi starfsleyfis**. Hér á eftir fyrir tillaga að breytingu:

Rekstaráðili hefur heimild til að nota eldisnætur sem litaðar eru með ásætuörnum sem innihalda koparoxíð. Heimildin er bundin skilyrði um samþykki Umhverfisstofnunar á ásætuörninni sem notuð er og vöktun kopars í umhverfinu skv. vöktunaráætlun. Bendi vöktunarmælingar til að kopar safnist upp á eldissvæðum er Umhverfisstofnun, skylt eða eftir atvikum heimilt í samræmi við ákvæði 16. greinar að endurskoða heimildina fyrir notkun ásætuvarna. Tekið skal mið af umhverfismörkum II vegna kopars í sjávarseti í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns við þá endurskoðun. Rekstaráðili hefur ekki heimild til að lita nætur á eigin vegum og skal tilkynna Umhverfisstofnun um hverja breytingu.

Fh. stjórnar Landverndar, með vinsemd og virðingu,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Heimildir:

M. Lagerström, E. Ytreberg, A.-K.E. Wiklund, L. Granhag

Antifouling paints leach copper in excess – study of metal release rates and efficacy along a salinity gradient

Water Res., 186 (2020), p. 116383

Miller, R.J., Adeleye, A.S., Page, H.M. et al. Nano and traditional copper and zinc antifouling coatings: metal release and impact on marine sessile invertebrate communities. J Nanopart Res 22, 129 (2020). <https://doi.org/10.1007/s11051-020-04875-x>